

1894

Priðjudaginn 10. júní 1997.

Nr. 232/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Sigurði Jóhannssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Ákærvald. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. maí 1997, en leggja verður til grundvallar, að sóknaraðila hafi fyrst orðið kunnugt um úrskurðinn 23. sama mánaðar. Með úrskurðinum var fallist á kröfu varnaraðila um, að sýslumanninum í Keflavík bæri að víkja sæti sem sækjandi í málinu. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að sýslumanninum í Keflavík verði heimiluð sókn málsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Í ákæru 25. febrúar 1997 er varnaraðila sem framkvæmdastjóra nafngreinds hlutafélags gefið að sök að hafa brotið gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda á árunum 1992 og 1993 með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti, samtals 6.064.763 krónum, og afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna félagsins, samtals 4.985.796 krónum. Með bréfi ríkissaksóknara 25. febrúar 1997 var sýslumanninum í Keflavík falin sókn málsins.

Varnaraðili hefur bent á, að sækjandi málsins hafi haft á hendi innheimtu gjalda þeirra, sem ákæra lýtur að. Virðist varnaraðili að einhverju leyti ætla að byggja varnir sínar á atriðum, sem lúta að tilhögun á innheimtu gjaldanna. Samkvæmt þessu og með vísan til þeirra meginreglna um hlutlægni ákærvaldsins, sem ákvæði 30. gr. laga nr. 19/1991 eru meðal annars reist á, verður að fallast á, að við

þessar aðstæður verði að telja sækjanda um of riðinn við málsefnið, til að hann geti gegnt því hlutverki sínu. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest og verjanda varnaraðila dæmd þóknun úr ríkissjóði vegna kærumálsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Sýslumanninum í Keflavík ber að víkja sæti sem sækjandi málsins.

Þóknun vegna kæru þessa máls handa skipuðum verjanda varnaraðila, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er í húsi dómsins að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. S-49/1997: Ákærvaldið gegn Sigurði Jóhannssyni.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. febrúar sl., sem dóminum barst sama dag og var afhent dómaranum til meðferðar 3. mars sl., höfðar ríkissaksóknari mál fyrir dóminum á hendur ákærða, Sigurði Jóhannssyni, Bjarmalandi 20, Sandgerði, kt. 210354-2639, sem framkvæmdastjóra hlutafélagsins Brota hf., kt. 680291-1369, Sandgerði, fyrir brot á skattalögum, framin á árunum 1992 og 1993, í rekstri þess félags, sem úrskurðað var gjaldþrota 16. júní 1994. Um er að ræða vanskil á innheimtum virðisaukaskatti, samtals að fjárhæð 6.064.763 kr., og vanskil á afdrenginni staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna félagsins, að fjárhæð samtals 4.985.796 kr.

Með ákæruskjalinu barst bréf ríkissaksóknara, dagsett sama dag, og kemur þar fram, að hann hafi falið sýslumanninum í Keflavík sókn málsins. Sýslumaðurinn í Keflavík hefur falið löglærðum fulltrúa sínum, Júlíusi Kristni Magnússyni, að sækja þing í málinu og flytja það.

Í þinghaldi í málinu 29. apríl sl. gerði verjandi ákærða, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, kröfu um það, að sýslumaðurinn í Keflavík viki sæti sem sækjandi í málinu.

Verjandi reisir kröfu sína á 1. mgr., sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Fyrirtæki það, er ákærði veitti forstöðu, hafi verið í Sandgerði og greitt skatta og skyldur til sýslumannsins í Keflavík sem innheimtumanns ríkissjóðs. Fyrir liggir í málinu, að fyrirtækið hafi skilað virðisaukaskattsskýrslum til sýslumanns án greiðslna, en síðan greitt í slumpum til embættisins og sýslumaður ráðstafað þeim greiðslum inn á skuldir

fyrirtækisins. Fyrirtækið hafi lent í vanskilum með gjöldin, og hafi sýslumaður þá hafið innheimtuaðgerðir, gert fjárnám í eignum fyrirtækisins og selt þær á uppboði.

Inn í mál þetta komi því til með að fléttast embættisfærsla sýslumanns-embættisins og ráðstöfun þess á greiðslum frá fyrirtækinu og af uppboðs-andvirði. Sýslumannsembættið annist innheimtu yfir 20 gjalda, og komi því til álita, hvort því sé ekki skylt að láta vörsluskatta hafa forgang, er greiðslum var ráðstafað. Á því er byggt, að sýslumaður komi til með að verða kvaddur fyrir dóm sem vitni í málinu vegna afskipta sinna af grundvelli málsins. Ákærði kunni því að hafa uppi efasemdir um óhlutdrægni og hæfi sýslumanns sem sækjanda í málinu.

Sækjandi mótmælir kröfu verjanda og telur ekki vera efni til, að hann víki sæti. Ekkert sé fram komið um, að efast beri um hæfi hans sem sækjanda. Störf innheimtumanns ríkissjóðs við innheimtu og rannsókn skattabrota leiði ekki ein og sér til þess, að 30. gr. oml. um vanhæfi eigi við. Þá liggi ekki fyrir í málinu, að sýslumaður verði kvaddur fyrir dóm sem vitni í málinu. Slík krafa sé ekki komin fram.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 19/1991 segir: „Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefni eða aðila riðinn, að hætta er á, að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu, skal hann víkja sæti. Setur dómismálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.“

Í 2. mgr. sama lagaákvæðis segir: „Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls, skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.“

Í máli þessu hagar svo til, að sýslumaðurinn í Keflavík, sem falið hefur verið að annast sókn málsins, annaðist sem innheimtumaður ríkissjóðs innheimtu virðisaukaskatts hjá fyrirtæki því, er ákærði veitti forstöðu. Samkvæmt því hefur sýslumaður tekið við virðisaukaskattsskýrslum frá fyrirtækinu og móttækið og ráðstafað greiðslum frá því.

Ákærði hefur ekki tekið afstöðu til þess, hvort fjárhæðir, sem I. kafli ákæru byggist á, séu réttar, og hefur því verið lýst yfir af verjanda ákærða, að hann hyggist óska eftir því, að sýslumaður verði kvaddur fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð málsins, m. a. til að upplýsa ráðstöfun greiðslna frá fyrirtækinu inn á virðisaukaskattsskuldir eða önnur gjöld sem og ráðstöfun á andvirði uppboða, sem fram fóru á eignum fyrirtækisins að kröfu sýslumanns vegna virðisaukaskattsskulda.

Á þessu stigi máls verður ekki tekin afstaða til skyldu sýslumanns til vitnisburðar í málinu, enda ekki ljóst, hvort um það verður ágreiningur, en

að því atriði fráskildu verður að telja, að það fari ekki saman, að sami aðili sæki opinbert mál og verði eða kunni að verða vitni í málinu um þau atvik, sem málið er sprottið af. Ber því þegar af þeirri ástæðu og með vísan til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 19/1991, að úrskurða, að sýslumanninum í Keflavík beri að víkja sæti sem sækjandi í máli þessu.

Ekki þykja efni til að ákvarða sérstök málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða í þessum þætti málsins, en þau verða ákvörðuð í heild, er efnisdómur verður lagður á málið.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sýslumaðurinn í Keflavík víkur sæti sem sækjandi í máli þessu.